

LÖG VERKALÝÐSRÁÐS SJÁLFSTÆÐSFLOKKSINS

I. KAFLI

Nafn samtakanna, tilgangur þeirra og aðild.

1. gr.

Samtökin heita Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins og eru landssamtök sjálfstæðismanna í launþegastétt. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur samtakanna er:

- að vinna að sameiginlegum hagsmunum- og menningarmálum launþega.
- að vinna að vísýnni og frjálslyndri framfarastefnu í verkalýðshreyfingunni
- að efla samhug og aðstoða flokksmenn og stuðningsmenn sjálfstæðisstefunnar í launþegasamtökunum.
- að standa vörð um sjálfstæði Íslands og lýðveldi.

3. gr.

Til þess að ná þeim markmiðum sem getið er um í 2. gr., skulu samtökin beita sér fyrir:

- fræðslu um verkalýðs- og þjóðmál.
- markvissri fræðslu um fundahöld, fundasköp og ræðumennsku.
- skipulagði uppbyggingu málfundafélaga, launþegafélaga og ráða sjálfstæðismanna.

4. gr.

Aðild að Verkalýðsráði eiga öll málfundafélög, launþegafélög og ráð sjálfstæðismanna svo og aðrir þeir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins sem gegna eða hafa gegnt trúnaðarstörfum innan launþegahreyfingarinnar.

II. KAFLI

Aðalfundur Verkalýðsráðs og kosning fulltrúa á hann.

5. gr.

Á aðalfund Verkalýðsráðs skal kjósa fulltrúa úr málfundafélögum, launþegafélögum og ráðum sjálfstæðismanna og er heimilt að kjós 1 fulltrúa fyrir hverja 25 félagsmenn og brot úr þeirri tölu. Rétt til setu á aðalfundi, með fullum réttindum eiga auk þess sem ofan greinir eftirtaldir:

- Stjórn Verkalýðsráðs.
- Sjálfstæðismenn, sem sæti eiga á þingum launþegasamtakanna sem fulltrúar.
- Aðalmenn og varamenn í stjórnnum málfundafélaga, launþegafélaga og ráða.
- Sjálfstæðismenn, sem sæti eiga í stjórnnum og trúnaðarráðum launþegasamtakanna

e) Ákveðnir trúnaðarmenn sem stjórn Verkalýðsráðs samþykkir sem slíka.

6. gr.

Aðalfund skal halda annað hvert ár á þeim stað og tíma sem stjórn Verkalýðsráðs ákveður. Til fundarins skal boðað með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

7. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þau mál er þurfa þykir og Verkalýðsráð varða. Verkefni aðalfundar eru:

- 1) Skýrsla stjórnar Verkalýðsráðs.
- 2) Kosning formanns, 1. og 2. varaformanns.
- 3) Kosning stjórnar.
- 4) Kosning fastanefnda.
- 5) Lagabreytingar.

Kjörtímabil þeirra sem kosnir eru til trúnaðarstarfa á aðalfundi fyrir Verkalýðsráð er til næsta aðalfundar.

8. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum Verkalýðsráðs og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Aðalfundur kýs sér fundarstjóra og ritara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema öðru vísi sé kveðið á um í lögum þess.

9. gr.

Í upphafi aðalfundar skal kjörin 9 manna kjörnefnd. Hún skal leita eftir framboðum og gera tillögu til aðalfundar um menn í stjórn Verkalýðsráðs og aðrar trúnaðarstöður.

III. KAFLI

Kosning stjórnar og fastanefnda.

10. gr.

Stjórn Verkalýðsráðs er skipuð formanni, 1. og 2. varaformanni, ritara og meðstjórnendum. Skal hún kosin á aðalfundi og er kjörtímabil hennar á milli aðalfunda. Formaður, 1. og 2. varaformaður skulu kosnir sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Leitast skal við að þeir séu fulltrúar kjördæmanna með hliðsjón af kjörfylgi Sjálfstæðisflokksins í hverju kjördæmi í næstliðnum Alþingiskosningum. Þó skal þess gætt að skipting fulltrúa í stjórn verði hlutfallslega sem jöfnust á milli launþegasamtaka (s.s. A.S.Í. - B.S.R.B.). Lágmarkstala stjórnarmeðlima skal vera 21 maður. Stjórn Verkalýðsráðs skal starfa að framgangi mála á grundvelli laga þessara og annarra löglegra gerðra samþykkt. Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum Verkalýðsráðs á milli aðalfunda.

11. gr.

Á fyrsta fundi stjórnar Verkalýðsráðs eftir hvern aðalfund skal kjósa framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórnina skipa: Formaður, 1. og 2. varaformaður, ritari og fimm til viðbótar er stjórnin kýs sérstaklega auk þess sem ofan greinir eiga sæti í framkvæmdastjórninni:

- a) formenn málfundafélaga, launþegafélaga og ráða.
- b) formenn fastanefnda.

Hún fer með málefni Verkalýðsráðs milli stjórnarfunda í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni. Framkvæmdastjórn ber að senda stjórnarmönnum skýrslu um störf sín eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

12. gr.

Framkvæmdastjórn skal koma saman til funda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði frá 15. september til 1. maí en oftari ef þurfa þykir. Formaður Verkalýðsráðs boðar til funda framkvæmdastjórnar og stjórnar þeim.

13. gr.

Formaður Verkalýðsráðs boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Stjórnin skal koma saman til funda eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skytt er að halda aukafund, ef 1/3 hl. stjórnar Verkalýðsráðs óskar þess. Starfsmaður ráðsins skal tilnefndur af framkvæmdastjórn Verkalýðsráðs. Stjórn Verkalýðsráðs skal halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári með fastanefndum Verkalýðsráðs, stjórnnum og fastanefndum launþegafélaga, ráða og málfundafélaga til kynningar og samræmingar á störfum þessara aðila. Skulu þessir fundir vera opnir þeim Sjálfstæðismönnum öðrum í launþegastétt, sem áhuga hafa á þessum málum. Aukafundi skal halda ef málfundafélag, launþegafélag eða ráð óskar eftir sérstökum fundi með stjórn Verkalýðsráðs.

14. gr.

Innan Verkalýðsráðs skulu eftirfarandi fastanefndir starfa og skipar stjórn ráðsins formenn þeirra: Málefnanefndir innan þeirra launþegasambanda sem stjórn Verkalýðsráðs ákveður. Framboðsnefnd, fræðslunefnd, útbreiðslunefnd, kjaramálanefnd, atvinnumálanefnd og öryggis- og tryggingamálanefnd. Stjórn Verkalýðsráðs skal setja fastanefndum erindisbréf.

15. gr.

Skytt er að halda almennan fund í Verkalýðsráði a.m.k. einu sinni á því ári sem aðalfundur er ekki, og oftari ef þurfa þykir.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Stjórn og framkvæmdastjórn skulu hafa náið samband við miðstjórn Sjálfstæðisflokksins um allt það er við kemur hagsmunum launþega. Skal leitast við að fá til umsagnar öll meiriháttar mál er varða launþega. Skal umsögn byggð á undangenginni umræðu í stjórn Verkalýðsráðs. Fulltrúa Verkalýðsráðs í flokksráð skal kjósa af stjórn Verkalýðsráðs.

17. gr.

Nú heldur stjórn málfundafélags, launþegafélags eða ráða eigi aðalfund á löglegum tíma þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, þá getur stjórn Verkalýðsráðs boðað til aðalfundar í nafni stjórnarinnar og sjá um að allt fari löglega fram.

18. gr.

Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar Verkalýðsráðs hálfum mánuði fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu ráðsins. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Verkalýðsráðs og þarf 2/3 greiddra atkvæða til þess að lagabreytingar nái fram að ganga.

D200489A